

# Áhugasviðs- og færnikönnun

fyrir nemendur á starfsbrautum framhaldsskóla

Lokasýrsla vegna styrks úr Sprotasjóði veturinn 2017 – 2018



Líkamsræktarstöð



Matvöruverslun



Mötumeyti



Pizzastaður



Ræstingar



Trésmíðaverkstæði



Tískuvöruverslun



Veitingastaðir

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti  
Júní 2018  
UMS 134. 2017-2018

**Nafn skóla:** Fjölbrotaskólinn í Breiðholti

**Nafn verkefnisins:** Áhugasviðs- og færnikönnun fyrir starfsbrautir

**Nafn verkefnisstjóra:** Hrafnhildur Gísladóttir þroskaþjálfari

**Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk:** UMS 134. 2017-2018

**Verkefnið unnu:** Hrafnhildur Gísladóttir þroskaþjálfari, Sigurður Fjalar Jónsson sérkennari, Sunneva Filippusdóttir sérkennari og Valdís Harrysdóttir framhaldsskólakennari

### **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn**

Tilgangurinn með verkefninu er að þróa sérhæfða áhugasviðs- og færnikönnun fyrir nemendur með sérþarfir á framhaldsskólastigi, þar sem niðurstöður könnunarinnar gæfu vísbendingu um færni og áhugasvið nemandans. Könnunin gæfi einnig vísbendingar um, hvort nemandi hefði áhuga eða getu til að vinna tiltekin störf eða á tilteknu starfssviði. Enn fremur mætti styðjast við niðurstöður könnunarinnar við gerð einstaklings miðaðra kennsluáætlana til að búa nemandann enn frekar undir væntanlegt starfsnám og síðar meir starfsvettvang.

Markmið:

- Að hanna áhugasviðs- og færnikönnun með einföldum, hnitmiðum spurningum á myndrænan hátt og hljóðrænan hátt sem nemendur með sérþarfir gætu svarað sjálfir eða með lágmarks aðstoð.
- Að auka enn frekar þátt nemendanna í því að velja sér starfsnámstaði og/eða hafa áhrif á ákvarðanatökur þar að lútandi.
- Að opna augu nemendanna fyrir þeim margvíslegu störfum sem þeir gætu unnið á almennum vinnumarkaði.
- Að auðvelda nemendum að taka ákvörðun varðandi náms og starfsval.

### **Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði**

Ferill verkefnis:

Á haustönn 2017 fór fram undirbúningsvinna og kynntu kennarar sér m.a. Áhugasviðskönnun sem námsráðgjafar FB leggja fyrir nemendur skólans. Leitað var að heppilegum forritum fyrir verkefnið og kom það í hlut Sigurðar Fjalars að veita ráðgjöf varðandi val á forriti, uppsetningu verkefnisins og vinna að tæknilegum úrlausnum vegna þeirra viðfangsefna sem upp komu.

Verkefnið fékk heitið Starfsval og var það að mestu unnið á vorönn 2018. Könnunin er aðgengileg á slóðinni <https://starfsval.goodbarber.com>

### Val á vinnustöðum í könnunina

Innan Starfsbrautar FB er lögð mikil áhersla á starfspjálfun og á fyrsta og/eða öðru ári fer ákveðinn hópur nemenda í verklegt nám sem er í formi starfsverkefna innan skólans. Nemendur á þriðja og fjórða ári fara í starfsnám í mismunandi fyrirtæki/stofnanir s.s. starfspjálfunarstaði, hæfingarstaði og vinnustaði fyrir fatlað fólk auk vinnustaða á almennum vinnumarkaði á Höfuðborgarsvæðinu.

Við gerð þessarar skýrslu eru 28 vinnustaðir í Starfsvari. Við valið var reynt að hafa vinnustaðina sem fjölbreyttasta með það að markmiði að sem flestir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. Stefnt er að því að auka fjölda vinnustaða jafnt og þétt og vonandi koma tillögur frá notendum ekki síst frá fólki á landsbyggðinni.

### Afla upplýsinga um vinnustaði og skrifa texta

Umfjöllun um vinnustaðina byggir á reynslu í kjölfar starfsnáms nemenda á hinum ýmsu starfsnámstöðum, viðtölum við starfsmenn vinnustaðanna og heimildasöfnun úr atvinnuauglýsingum í dagblöðum og á vefmiðlum.

### Velja/taka viðeigandi myndir

Myndirnar í Starfsvali eru aðallega ljósmyndir sem kennarar tóku en auk þess eru einnig nokkrar myndir af vefnum <https://unsplash.com> en þar er hægt að nálgast ljósmyndir endurgjaldslaut og með leyfi höfunda. Við val myndanna var leitast við að hafa þær sem mest lýsandi fyrir viðkomandi vinnustað.

### Talsetning mynda

Nemendur geta valið um að lesa kynningarnar eða hlusta á hljóðupptökur með kynningunum. Í þessu samhengi er mikilvægt að textinn sé auðskilinn og skýr.

### **Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Upphafleg kostnaðaráætlun hljóðaði uppá 2.500.000 kr. Þessi áætlun gerði ráð fyrir kostnaði við vinnulaun, uppsetningu verkefnisins á vef og myndvinnslu. Verkefninu var hins vegar úthlutaður styrkur að upphæð kr. 1.800.000. Því var ljóst að breyta þurfti þeim áætlunum sem þegar höfðu verið gerðar. Kostnaður vegna vefsíðugerðarinnar varð umtalsvert hærri en ráð hafði verið gert fyrir en það er einkum vegna mánaðar- og árgjalda sem ekki varð hjá komist að greiða til þess að halda vefnum opnum. Styrkurinn tryggir rekstur á vefnum til þriggja ára en kostnaðurinn kemur til vegna hýsingar vefsins og árgjalda fyrir Goodbarber og My Typeforms.

Fljótlega var ákveðið að nota ljósmyndir í stað myndbandsupptöku en það var ekki síst vegna þess að öll myndvinnsla er mjög tímafrek og í raun efni í annað verkefni í framhaldi af þessu. Að mörgu er að hyggja varðandi myndatökur í þessum tilgangi, þær þurfa að vera sérstaklega skýrar, mega ekki vera persónugreinanlegar en útskýrandi fyrir það verkefni sem á í hlut.

## **Helstu hindranir sem komu upp við vinnslu verkefnisins**

Upp komu flókin tæknileg úrvinnsluefni sem þurfti að glíma við, gera prófanir og endurskoða. Umtalsverður tími fór t.d. í það að finna rétta forritið fyrir vefinn og könnunina en að lokum völdum við tvö forrit sem þurfti að tengja saman svo að þau virkuðu sem ein heild. Við ákváðum að velja <https://www.goodbarber.com> vegna þess að forritið er hannað til að nýtast í fjölbreyttum tækjabúnaði, s.s. í borðtölvu, spjaldtölvu og á símaskjá. Auk þess er hægt að hlaða vefsíðum Goodbarber niður sem appi í spjaldtölvu og síma en það teljum við vera mikinn kost fyrir Starfsval. Vefurinn er notendavænn þ.e. hann er aðgengilegur og auðvelt er að setja ljósmyndir, vídeó, hljóðupptökur og vefslóðir í forritið óháð stýrikerfi.

Við leit að forriti fyrir könnunina var einblínt á að finna forrit sem biði upp á þann möguleika að nemendur skrái netfang og niðurstöður könnunarinnar fari sjálfkrafa á netfang skráðs viðtakanda. Niðurstöðurnar gæti nemandinn svo notað til að ákveða starfsnámstað eða sem lið í atvinnuleit allt eftir markmiði hvers og eins. Fyrir valinu varð <https://www.typeform.com> en það er vefur sem er sérhannaður fyrir kannanir. Vefurinn er aðgengilegur og býður upp á mikla möguleika hvað þýðingar varðar.

Í kjölfarið varð töluverð umræða um persónuvernd og geymslu persónuupplýsinga ekki síst vegna nýrra Persónuverndarlaga sem taka væntanlega gildi 6. júlí nk. Forrit sem hönnuð eru fyrir kannanir safna sjálfkrafa upplýsingum um notendur til þess að það sé hægt að vinna úr niðurstöðunum seinna meir. Við frekari eftirgrennslan kom í ljós að það er ekki hægt að komast hjá þessu nema loka um leið á þann möguleika að nemandinn fái niðurstöðurnar sendar á sitt eigið netfang.

Ekki kom til greina að koma í veg fyrir aðgang nemenda að eigin könnum og því var afraðið að upplýsa notendur eins vel og hægt væri um stöðu mála til þess að þeir gætu sjálfir tekið upplýsta ákvörðun hvort að þeir vilji nýta sér möguleika Starfsvals.

Upplýsingar um könnunina og geymslu gagna er því hægt að finna í Starfsvali undir liðnum *Um Starfsval* og í *Leiðbeiningum* en leiðbeiningarnar eru ætlaðar nemendum til lestrar áður en þeir taka könnunina.

Í fyrsta lið könnunarinnar kemur fram að könnunin og netfang notanda sé geymt í gagnagrunni Starfsvals í einn mánuð. Eftir þann tíma verður þeim eytt. Nemendur þurfa að veita samþykki sitt fyrir þessari ráðstöfun með því að merkja í þar til gerðan reit en að því loknu geta þeir haldið áfram með könnunina. Nemendum er boðið upp á að hafa samband við Starfsval til að fá frekari upplýsingar varðandi persónuverndina.

## **Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu**

Mikil áhersla er lögð á frumkvæði nemenda Starfsbrautar FB og þeir eru hvattir til þess að koma með ábendingar um starfsnámstaði. Forsendur nemenda til þessa eru mjög einstaklingsbundnar og er brýnt að gera marktækar athuganir, strax í upphafi

skólagöngu, er lúta að óskum nemendanna, færni og áhugamálum. Til þess að svo geti orðið er nauðsynlegt að geta boðið þeim að taka áhugasviðs- og færnikönnun við hæfi.

Helsti ávinningur af verkefninu er að nú er hægt að bjóða nemendum með fötlun upp á leið til þess að kynna sér vinnustaði og þar með auðvelda þeim að gera sér grein fyrir hvaða starfsvettvangur hentar þeim.

Við lítum svo á að verkefnið geti eflt skólastarfið á Starfsbraut FB sem og á öðrum starfsbrautum framhaldsskólanna en kannanirnar má einnig nýta sem hluta af þarfagreiningu sem liggur til grundvallar einstaklingsmiðaðri kennsluáætlun nemenda. Auk þess er vel hægt að hugsa sér Starfsval sem hluta af kennsluefni í bóklegu starfsnámi. Í þessum tímum er fræðsla um réttindi og skyldur launþega á vinnumarkaði og þar er m.a. unnið með hin ýmsu hugtök sem koma fyrir í texta/hljóðsetningu Starfsvals.

Jákvæð viðbrögð þeirra sem hafa nú þegar kynnt sér verkefnið hafa verið mjög ánægjuleg. Það hefur verið mjög forvitnilegt að heyra að sumir viðmælendur líta jafnvel á Starfsval sem leið til þess að kynna sinn vinnustað fyrir fólki með fötlun sem er að leita að starfsvettvangi sem og foreldrum/forráðamönnum þeirra. Niðurstöður könnunarinnar geta fylgt nemendum að loknu námi vilji þeir skrá sig hjá Vinnumálastofnun, í atvinnu með stuðningi. Áhugasviðskönnun sem þessi getur auðveldað greiningu umsókna og hugsanlega stytt bið eftir atvinnu að loknu námi á starfsbraut framhaldsskóla.

#### **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:**

Að hanna greiningartæki með einföldum og hnitmiðuðum spurningum sem nemendur með sérþarfir gætu svarað sjálfir eða með lágmarksaðstoð.

Verkefnið er sett upp á mjög aðgengilegan máta og áhersla lögð á að hafa spurningarnar hnitmiðaðar. Ljósmyndirnar á vefsíðunum eru valdar með það í huga að þær gefi sem gleggsta mynd af viðkomandi vinnustað og auðveldi þar með nemendum að átta sig á því um hvað vinnustað um er að ræða. Verkefnið gefur nemendum einnig skýra mynd af þeim verkefnum sem geta verið í boði á hverjum vinnustað. Við teljum að nemendur með lágmarks tölvukunnáttu og þokkalegan málskilning ráði sjálfir við könnunina.

Að auka enn frekar þátt nemenda í því að velja sér starfsnámstað og/eða hafa áhrif á ákvarðanatökur þar að lútandi

Við teljum það ekki fullreynt að svo sé en hinsvegar er það okkar von og trú. Nemandi sem erfitt á með að gera sér mynd af vinnumarkaðnum fær hugmyndir um vinnustaði með því að fara í gegnum könnunina. Auk þess fær hann aukna innsýn í

það hvaða störf eru unnin þar og hvaða þættir það eru sem hann þarf að tileinka sér eða öðlast færni í.

Að opna augu nemenda fyrir þeim margvíslegu störfum sem þeir gætu unnið á almennum vinnumarkaði.

Áhersla var lögð á fjölbreytni við val á vinnustöðum og jafnframt að setja fram á raunhæfan hátt þau viðfangsefni sem nemendur gætu hugsanlega fengist við. Auðsætt er að könnun sem þessi þarf stöðugt að endurskoða því þarfir og áherslur vinnumarkaðarins breytast og vonandi verður meira svigrúm fyrir þátttöku fatlaðs fólks á almennum vinnumarkaði í framtíðinni.

Að auðvelda nemendum að taka ákvörðun varðandi náms- og starfsval.

Könnunin gefur nemanda ágæta yfirsýn yfir vinnustaði því framsetningin er skýr, aðgengileg, myndræn og hljóðsett. Nemendur hafa oft ekki forsendur til þess að gera sér í hugarlund hvaða störf eða vinnustaðir standa til boða og með þessari vefsíðu/appi hafa þau möguleika á að sjá það hvaða vinnustaðir koma til greina. Könnunin ætti því að auðvelda nemendum að mynda sér skoðun út frá eigin forsendum. Einnig ef í ljós kemur að áhugi nemanda fer ekki saman við færni er það viðfangsefni sem má vinna að svo að hægt sé að fylgja áhuganum eftir.

#### **Niðurstöður verkefnisins:**

Áhugamál hvers einstaklings getur verið vísbending um hvað hann vill gera og hvað honum finnst áhugavert. Áhugasviðs- og færnikönnun eykur líkurnar á að hægt sé að meta hvaða störf og/eða viðfangsefni eru líkleg til að veita nemandanum ánægju í námi og starfi.

Verkefnið er í samræmi við umsókn og við teljum að megin markmiðum þess sé náð og afraksturinn liggja fyrir. Verkefnið hefur þau áhrif á skólastarfið að auðveldara og markvissara verður fyrir nemendur að leggja mat á eigin færni og koma fram með óskir um starfsnámstað en eins og fram hefur komið þá er starfsnám veigamikill hluti af námi nemenda á Starfsbraut. Með tilkomu Starfsvals standa nemendur frami fyrir raunverulegu vali í fyrsta skipti því þau sjá valmöguleikana myndrænt og hljóðrænt.

#### **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Starfsmenn Vinnumálastofnunar hjá Atvinnu með stuðningi hafa sýnt verkefninu áhuga og á næstu önn er fyrirhugað að kynna verkefnið í heild sinni fyrir þeim og námsráðgjöfum Fjölbrotaskólans í Breiðholti. Verkefnið hefur verið kynnt fyrir forstöðumanni Örva starfsþjálfunar og forstöðumönnum og nokkrum starfsmönnum Vinnu og virkni í Reykjavík. Báðir þessir aðilar hafa áhuga á því að kynna Starfsval fyrir starfsmönnum sínum. Vefurinn/appið gæti einnig nýst sjónskeru ungu fólki sem oft á tíðum hefur litla möguleika á atvinnu. Appið mun verða kynnt fyrir atvinnu og virkni ráðgjafa og kennsluráðgjöfum Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón og heyrnarskerðingu.

Verkefnið verður einnig kynnt fyrir foreldrum/forráðamönnum nemenda á starfsbraut FB og starfsfólki á starfsbrautum á landsvísu.


### **Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs**


Starfsvali er ætlað að vera í stöðugri þróun og eins og fram kemur á vefnum óskum við eindregið eftir því að fá athugasemdir og ábendingar um viðbætur frá notendum. Það er okkar von að sem flestir geti nýtt sér Starfsval til að finna starf við hæfi og verkefnið er aðgengilegt öllum sem áhuga hafa endurgjaldslaust.

Verkefni sem þetta er mjög mikilvægt í þróun tækni fyrir fatlað fólk á starfsbrautum framhaldsskóla. Hentugt námsefni fyrir þennan hóp nemenda er af skornum skammti og þarf að aðlaga efni að hverjum og einum. Framhaldsskóli er síðasta námsstig sem fötluðu fólki stendur til boða og því mikilvægt að þar fari fram markviss undirbúningur fyrir atvinnuþátttöku að námi loknu. Styrkveiting frá Sprotasjóði gerði vinnu við þetta verkefnið mögulega og erum við þakklát fyrir að hafa fengið möguleika á að útfæra hugmyndir okkar á þennan hátt.

### **Rekstrarreikningur er meðfylgjandi**

Reykjavík 5. júní 2018

  
Hrafnhildur Gísladóttir, verkefnisstjóri

  
Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari FB